

Hverfisnefndarfundur Naustahverfis

15. fundur 10. febrúar 2009

Mættir: Hrafnhildur E. Karlsdóttir, Björk Guðmundsdóttir , Ásdís Birgisdóttir og Gísli Rúnar Magnússon

Ræddum hugmynd að hverfisnefndarkaffi þar sem allar hverfisnefndir kæmu saman til skrafs og ráðagerða. Fengnir yrðu aðilar til að ræða mál sem hvíla sameiginlega á öllum og bæjarbúum yrði boðið til kaffisamsætis. List vel á þessa hugmynd og ræddum um leiðir til að ná í íbúa hverfisins t.d.með dreifibréfi

Mikilvægt að fá mokstur á gagnstéttum í Naustahverfi. Sérstaklega við helstu götur. Það er mikið gengið og skokkað gegnum hverfið, götur eru þröngar og það er ekki boðlegt að gangandi vegfarendur þurfi að vera á götunum. Börn er dregin á sleðum og þotum til og frá leikskóla og við teljum þetta ófremdarástand sem þarf að kippa í liðinn.

Á ýmsum stöðum er ennþá steypustyrktarjárn enn upp úr óbyggðum veggjum og grunnnum. Jafnvel við hlið göngustíga t.d í Stekkjartúni 25-37. Sjáum þó að mikið átak hefur verið gert til að laga á ýmsum stöðum en enn vantar herslumuninn.

Naustahátíð í vor. Hugmyndir að dagskár ræddar og einnig aðkoma íbúa í hverfinu

Spurningum um hvort skilgreina eigi fleiri götur sem safngötur í hverfinu og fá þar af leiðandi fleiri biðskylda í stað hægri réttar. Rökin gegn því eru að ökumenn keyra hraðar í götum þar sem biðskylda er í aðliggjandi götum. Á móti kemur að gatnakerfið er frekar flókið í hverfinu og erfitt fyrir vegfarendur að átta sig á hvar er hægri réttur og hvar biðskylda.

Fleira ekki gert og fundi slitið